

Útibingó



Fjall!
Finnið eitt fjall í nágrenninu, lærið hvað það heitir og kannski er hægt að labba upp á það ;)



Tré!
Í umhverfinu okkar eru gríðarlega margar trjátegundir. Finnið eina tegund og lærið hvernig hún er öðruvísi en aðrar.



Laufblöð!
Finnið amk tvær gerðir af laufblöðum, teiknið þær og skoðið hvernig æðarnar eru mismunandi.

Vorið vaknar!

Á þessum árstíma fer vorið að láta á sér kræla. Finnið merki um það og takið mynd



Sumt af verkefnum getum við gert í garðinum, hverfinu eða sveitinni okkar, en annað krefst kannski bíltúrs.

Góða skemmtun!




Rusl!
Þegar snjórinn fer kemur rusl vetrarins í ljós. Takið með ykkur poka í næsta göngutúr og týnið upp það rusl sem þið sjáið.



Fuglar!
Fylgist með umhverfinu í a.m.k. klukkustund og skráið niður hvaða fugla þið sjáið. Fylgist með hvernig þeir fljúga á mismunandi hátt og hvernig heyrist í þeim.

Á!
Finnið eina á í umhverfinu, farið mjög varlega því þær geta verið hættulegar. Finnið hvað hún heitir og hvaðan hún rennur.



Steinar!

Finnið tvo mismunandi steina í náttúrunni, takið mynd og reynið að finna hvaða tegund þið funduð



Til foreldra/ forráðamanna!

Útibingóið er ætlað til þess að um leið og við fræðumst um umhverfið fræðum við börnin okkar, nú eða færum þekkinguna sem við búum yfir áfram. Hér eru tenglar á síður sem geta hjálpað okkur að leysa verkefnin:

Fjall! og Á! – hægt er að nota [google. maps](https://www.google.com/maps), eða kortasjána á ja.is

Tré! og Laufblöð! – hægt er að nota floraislands.is

Svo er um að gera að nota handbækurnar sem allir fengu í fermingargjöf ;)